



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Ársskýrsla 2022



Forsíða	I
Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2022	4
Starfsfólk	5
Húsakynni	6
Viðgerðir og viðhald	7
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	7
Aðstaða til varðveislu	9
Rannsóknir og miðlun þeirra	9
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2022	10
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	19
Kirkjubær	20
Rjórabúið á Baugsstöðum	21
Efling fræðslustarfs	22
Safnaráð	22
Samstarf	23
Fundir, námskeið og ráðstefnur	24
Kynningar- og markaðsmál	25
Héraðsnefnd og stjórn	25
Um rekstur og fjárhag safnsins 2022	28

www.byggdasafn.is

info@byggdasafn.is

Ljósmyndir í skýrslunni voru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram. Forsíðumyndin var tekin á Listahátíðinni Hafsjó 12. júní 2022 af Magnúsi Karel Hannessyni. Listamenn, forseti Íslands og fleiri í garði Hússins á Eyrarbakka.

Formáli

Í upphafi ársins voru safninu þröngar skorður settar vegna Covid19-faraldursins. Öllum takmörkunum var létt í mars og aðsókn var góð út árið. Öflugt starf var unnið á sviði varðveislu, skráningar, sýninga og innra starfs. Unnið var eftir stofnskrá safnsins og hægt að líta með ánægju til öflugrar starfsemi á árinu.

Í stofnskrá safnsins segir um hlutverk þess: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Á undanförunum árum hefur verið átak í gangi um myndvæðingu færslna í Sarpi.



Safnasvæðið sumarið 2022. Ljós. Ólafur Hannesson.

Stærsta verkefni ársins var Listahátíðin Hafsjór. Í samvinnu við Ástu Vilhelminu Guðmundsdóttur listakonu var haldin listahátíðin Hafsjór – Oceanus með 20 listamönnum frá 12 löndum. Listahátíðin stóð yfir frá 15. maí til 11. júní og voru sýningar Hafsjós uppistandandi í safninu til septemberloka og mörg útilistaverk lengur. Fleiri sýningar voru settar upp á árinu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Um vorið var sett um sýning á vegum Héraðskjalasafns Árnesinga *Með mold á hnjónum* og í nóvember var jólasýningin sett upp. Sjóminjasafnið var opið yfir sumartímann og eftir þörfum. Kirkjubær var opinn um leið og Húsið. Beitningaskúrin var opnaður eftir eftirspurn. Aðsókn fór yfir sex þúsund gesti á árinu sem telst mjög gott en betur má ef duga skal. Auglýstir viðburðir urðu 38 talsins.

Á vettvangi stjórnar safnsins var starfsemin til umræðu og fundaði stjórnin í fimm skipti. Faglegum starfsmönnum fjölgaði úr tveimur í þrjá á árinu sem eflir starfsemi safnsins.

Safnið er enn að koma sér fyrir í Búðarstíg 22 en þar var unnið að viðgerðum 2019 – 2021 og starfsemin flutt þangað í nokkrum skrefum en þó aðallega um mitt ár 2021.

Opnunartími og gestafjöldi 2022

Vegna Covid19-heimsfaraldursins var opnunartíminn takmarkaður fyrstu þrjá mánuði ársins. Opið var um páska og á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Sumaropnun hófst 1. maí og var opið til 30. september. Opið var sunnudaga í október. Opið var þrjár helgar á jólaaðventu. Almennur aðgangseyrir var kr. 1.500.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2022 urðu 6.003 þar af 1.494 erlendir og 774 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2021 varð 3.880 þar af 629 erlendir og 875 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2020 varð 1.306 þar af 210 erlendir og 460 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2019 varð 5.580, þar af 1.370 erlendir og 445 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2018 varð 5.690, þar af 2.055 erlendir og 380 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2017 varð 5.300, þar af 1.930 erlendir og 265 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2016 varð 5.220, þar af 1.767 erlendir og 316 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904, þar af 1.824 erlendir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir og uþb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og uþb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áreiðanleg talning starfsmanna. Um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Gestir komu á auglýstum tímum. Gestir komu á opnanir og viðburði og mikil aðsókn var að safninu á Jónsmessuhátíð Eyrbekkinga í júní og á listahátíðina Hafsjó. Skólahópar komu jafnt og þétt allt árið en einkum í lok maí og á aðventu. Jóladagskráin var vel sótt. Ýmsir ferðaþjónustuaðilar komu með hópa á safnið aftur og aftur.

Salur Búðarstígs 22 var vel notaður á árinu. Þar eru eldri borgarar á Eyrarbakka með aðstöðu tvisvar í viku yfir vetrartímann og Ungmennafélagið á Eyrarbakka spilaði vikulega félagsvist þar í nokkur skipti. Ýmsir viðburðir og fundir voru þar sem ekki voru á vegum safnsins. Gestabók er í Búðarstíg 22 og skrifuðu 654 í hana á árinu. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Nokkrir hópar komu gagnert í þeim erindagjörðum að skoða hina nýju aðstöðu. Gestabókin var fjarri góðu gamni þegar listahátíðin Hafsjór var í gangi en salurinn var aðal vinnusvæði listamannanna í einn mánuð. Brýnt er að finna nýja leið við að telja þann fjölda sem kemur í Búðarstíg 22 í ýmsum erindagjörðum, með eða án aðkomu safnsins.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfssvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að



viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Bausstöðum. Ráðningarsamningur Lýðs til fimm ára rann út á árinu og var samþykkt að endurnýja hann til næstu fimm ára.

Ragnhildur Elísabet
Sigfúsdóttir
íslenskufraeðingur BA

og safnafræðinemi kom til starfa 2. mars 2020. Starfsheiti hennar er *safnvörður* og starfar hún með safnstjóra að faglegum störfum safnsins. Á árinu vann hún einkum að flutningum og eflingu fræðslustarfsemi safnsins en áður var Ragnhildur íslenskukennari við Fjölbautaskóla Suðurlands. Hún var í ólaunuðu námsleyfi í ársbyrjun en kom til baka 2. ágúst með margar nýjar hugmyndir eftir dvöl á Sjóminjasafninu á Helsingjaeyri í Danmörku.

Linda Ásdísardóttir, íslenskufraeðingur BA og sagnfræðingur MA, var lausráðin *safnvörður* frá 1. desember 2021 til 31. júlí þegar Ragnhildur var í námsleyfi. Samkvæmt ákvörðunum héraðsnefndar var staða þriðja safnvarðar auglýst um sumarið og var Linda ráðin úr hópi umsækjanda um stöðuna og hóf störf sem fastur starfsmaður 1. ágúst 2022. Linda er gjörkunnug safninu en hún var safnvörður frá 2008 til 2019 þegar hún réði sig á Þjóðminjasafnið.

Faglegir starfsmenn Byggðasafns Árnesinga eru því þrír frá miðju árinu 2022. Auk þess voru eftirtaldir í hlutastörfum aðallega við sýningargæslu og leiðsögn:

Hera Fjölisdóttir (Hera Fjord) sviðslistakona vann í gæslu og leiðsögn yfir sumarið og við fagleg störf í hlutastarfi um haustið.

Kristinn Júníusson háskólanemi vann yfir sumarið við gæslu í Sjóminjasafninu.

Freyja Katra Erlingsdóttir hefur starfað við safnið á sumrin í rúman áratug. Hún sá um að halda Rjómabúinu á Bausstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst og tók á móti hópum á öðrum tímum. Hún sat vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu jafnframt.

Þórey Eypórsdóttir vann í gæslu og leiðsögn í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Svanlaug Arnardóttir vann í gæslu og leiðsögn einkum í Húsinu yfir sumarið.

Jónína Eirný Sigurðardóttir var ræstítæknir safnanna fram eftir ári en sagði starfinu lausu og var Kristína Sveinsson ráðin í hennar stað.

Guðlaugur Gunnar Jónsson var safninu mikil hjálparhella er kom að umsýslu safnmuna, einkum bifreiða og véla sem safnið varðveitir. Hann kom stöku sinnum til safnsins þegar mikið lá við.

Böðvar Sverrisson kom lítillga að umsýslu safnmuna og uppsetningu varðveisluhillna snemma á árinu.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir sáu um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er öryggisvörður safnsins. Hann er fyrstur á vettvang ef það koma boð frá öryggiskerfum fjögurra safnhúsa.

Í septemberbyrjun lést Emil Rúnar Guðjónsson sem undanfarin ár hefur aðstoðað við flutninga safnkosts í Búðarstíg 22 auk þess að sjá um viðhald og viðgerðir á gamla slökkvibílum.

Húsakynni

Tíu hús, stór og smá, tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öllu leyti.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Kirkjubær, lítið timburhús vestan Hússins á Eyrarbakka, var keypt af safninu 2011, gert upp og opnað til sýningar 2016.

Þann 24. apríl 2019 fjárfesti Byggðasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 sem er 1704 fm að stærð. Hafnarbrú 3 var látin upp í kaupin. Það var gert upp á árunum 2019 til 2021 og aðlagð að þörfum safnsins.



Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59 og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald búðarinnar og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómabúsins á Baugsstöðum en safnið sér alfarið um rekstur Rjómabúsins fyrir hönd stjórnar þess.

Viðgerðir og viðhald

Viðgerðir og viðhald húsakynna safnsins voru ekki miklar á árinu en voru margvíslegar. Frestað var viðgerðum á Eggjaskúrnum sem fyrirhugaðar voru á árinu. Einnig öðrum viðhaldsverkefnum sem ekki liggur eins á.

Í júní var komið í veg fyrir leka af þaki skemmu Búðarstígs 22. Aðalinngangur Búðarstígs 22 var lagfærður til bráðabirgða en frekari aðgerða er þörf. Settar voru upp hljóðdempandi plötur í loft salar Búðarstígs 22. Skipt var um inngöngupall við Kirkjubæ um haustið. Pípulagningamenn voru á ferð um haustið og lagfærðu hitann í Húsinu og Kirkjubæ.

Nýr rampur var settur upp við inngang Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka 9. ágúst.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919, fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna en hjallurinn er frá tímum Kaupfélagsins Heklu sem átti Húsið frá 1919 til 1925. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Viðgerðir stóðu yfir árin 2012 til 2017 en hættu þá og er ólokið. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni. Útihúsin voru reyndar nýtt í þágu listahátíðarinnar Hafsjós á árinu 2022.

Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

Á árinu fékk safnið styrk frá Safnasjóði til að móta nýja varðveislustefnu og einkum er varðar grisjun á safnkosti. Grisjun getur farið fram á marga vegu. Hægt er að skila gripum til gefenda eða aðstandenda þeirra, hægt er að fela öðru safni varðveislu gripsins, hægt að afskrá og gera að leikmuni í safnfræðslu. Svo er hægt að farga safngrip ef engin saga er til um gripinn, hann ekkert sérstakur og mörg eintök til af samskonar gripum. Einnig ef lélegt ástand er á grip þannig að ekki sé hægt að gera við eða hafa á sýningu. Um þetta þurfa að vera skýrar reglur og vinnulag og var Lilja Árnadóttir fyrrum starfsmaður Þjóðminjasafns Íslands fengin til ráðslags.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra

safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og mynda gripi og ljósmyndir fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira sem skiptir máli varðandi sögu hans og útlit.

Tekið var við 34 afhendingum við söfnin á árinu 2022, um 90 gripum. Nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda og skjala er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Í árslok 2022 voru flest aðföng síðustu ára skráð. Þó eru óskráð ýmis aðföng frá 2021 og 2022.

Fjöldi færsla í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2022:

Fjöldi ljósmynda voru 6.788 og engar nýskráðar á árinu, fjöldi fornleifa voru 916, fjöldi minjasvæða/jarða voru 80, engar nýskráningar á árinu. Fjöldi muna voru 7.418, fjöldi nýskráðra muna árið 2022 voru 13. Í Sarpi eru jafnframt skráðar 138 bækur, ein teikning, 25 listaverk, 69 skjöl sem tengjast öðrum safnkosti og ein spurningaskrá. Í þessum tölum eru innifaldir munir og ljósmyndir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Tónminjaseturs Íslands. Fyrirhugað er að skrá safnkost Byggðasafns Ölfus í Sarp á árinu 2024.

Unnið er öðru hverju við að setja ljósmyndir af munum og gömlum ljósmyndum í Sarp svo að safnkostur verði sýnilegur á netinu. Átak hefur verið í gangi undanfarin ár með tilstyrk Safnaráðs. Staðan í árslok 2022 var þessi: Á ytri vef Sarps eru birtar 6.787 ljósmyndafærslur, þar af 3.995 með viðhengdri mynd. Á ytri vef Sarps eru birtar 7.414 munafærslur, þar af 3.659 með viðhengdri mynd. Fleiri munir og ljósmyndir verða sýnilegir á næstu árum eftir því sem tími og fjármagn leyfir.



Málverk eftir Gunnar Gestsson af Rútsstaðakoti í Flóa.

Meðal muna sem bárust á árinu 2022 má nefna fermingakirtil Vigdísar Ingibjargar Árnadóttur frá 1932, málverkafalsanir frá Litla-Hrauni og eru málverk eftir vistmanninn Sigurð Þorkel Þorláksson sem nefndur var "Sigurður Zetó", innrammað skjal "Ó guð vors lands", ýmsa muni frá Stóra-Hofi I í Gnúpverjahreppi, pennahulstur Haraldar magnaravarðar Guðmundssonar frá Litlu-Sandvík, stenslavél úr Reykholtskóla, málverk eftir Gunnar Gestsson af Rútsstaðakoti í Gaulverjabæjarhreppi, orgel úr Hraungerðiskirkju, rútufarseðla frá fyrrihluta 20. aldar, oddvitastimpil Sandvíkurhrepps og gamalt jólasbraut frá fimm aðilum í kjölfar söfnunarátnaks.

Gefendur 2022 voru Kvenfélag Selfoss, Sigurlína Eiríksdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir frá Skeggjastöðum, Inga Lára Baldvinsdóttir, Sigurður Steindórsson, Jóhann Jóhannsson, Gerður og Kristín Guðmundsdætur, Jón Kristinsson, Anna Björg Michaelsdóttir, Erla G. Karlsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Oddrún Bjarnadóttir, Elín Sigurgeirsdóttir (dánarbú), Barnaskólinn á Eyrarbakka og

Stokkseyri, Sigríður Haraldsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Hraungerðiskirkja, Stefanía Erlingsdóttir, Sveitarfélagið Árborg, Rannveig Pálsdóttir, Vigdís Hjartardóttir, Óskar Magnússon, Lýður Pálsson, Anna Jórunn Stefánsdóttir, Valgerður Kristinsdóttir, Marianne Brandsson-Nielsen, Garðar Árnason, Þórdís Kristjánsdóttir, Norma Einarsdóttir og Kristín Bragadóttir.

Aðstaða til varðveislu

Síðla ársins 2016 skilaði Byggðasafn Árnesinga gátlista Safnaráðs um varðveisluaðstæður á sýningum og geymslum Byggðasafns Árnesinga. Skilað var fjórum gátlistum, fyrir Hafnarbrú 3, Mundakotsskemmu, Húsið og Sjóminjasafnið. Matsskýrsla Safnaráðs á ástandi sýninga og geymslna Byggðasafns Árnesinga barst í mars 2017. Um er að ræða viðamikla úttekt sem sýnir að staða mála er í mörgum atriðum ágæt en þó er úrbóta þörf sums staðar. Farið var strax í að bregðast við skýrslunni og hefja úrbætur þar sem kostnaður var lítill. Fimm ára frestur var gefinn til að leysa úr málum Mundakotsskemmu sem dæmd var ófullnægjandi að öllu leyti. Tekið var til hendinni á árinu 2019 og Mundakotsskemman var tæmd í febrúar 2020. Er aðstaða þeirra í skemmu Búðarstígs 22 allt önnur og betri. Og á árinu 2021 var enn tekið til hendinni með flutningum úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22 og naut safnið ráðgjafar Nathalie Jaquemet forvarðar sem kom í nokkur skipti á meðan á flutningum stóð og gaf fjölda mörg góð ráð.



Fulltrúi frá Safnaráði kom í safnið í mars 2021 og leit yfir aðstöðuna bæði á sýningum og í varðveisluhúsnæði sem þá var bæði í Hafnarbrú 3 og grófmunasal Búðarstígs 22 og kom skýrsla í janúar 2022. Fulltrúi Safnaráðs kom aftur í september 2022 í lok flutninga og í skýrslu í kjölfar heimsóknarinnar voru fáar lítilfjörlegar

athugasemdir gerðar. Varðveisluaðstaða Byggðasafns Árnesinga er til fyrirmyndar og aðbúnaður safngripi á sýningum og í varðveisluaðstöðu mjög góður.

Rannsóknir og miðlun rannsókna

Á árinu 2022 voru rannsóknir margþættar en skiluðu litlu áþreifanlegu í útgefnu efni.

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð frá árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í glæsilegum sýningartexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og eigendur og íbúar listaðir upp.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum, samfélagsmiðlum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi, á samfélagsmiðlum og á vefsíðunni www.byggdasafn.is er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á mótí mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir í langferðabílum um Flóann.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður hefur nýtt þekkingu sína af fræðslu og kennslu við miðlun og rannsóknir í safninu. Í mars 2020 var lögð fram fræðslustefna Byggðasafns Árnesinga þar sem lögð er áhersla á samstarf safnsins við kennara og stjórnendur skóla héraðsins við gerð og þróun hinna ýmsu fræðsluverkefna sem kallast á við viðfangsefni nemenda í sínu námi. Markmiðið er að safnið og safnkostur þess gagnist skólastarfinu og nærsamfélaginu. Sömuleiðis að leggja grunn að lifandi samstarfi og tengslaneti safnsins við skóla á öllum skólastigum í héraðinu.

Linda Ásdísardóttir hefur lagt rækt við rannsóknir á sögu ljósmyndara, einkum kvenna sem stunduðu ljósmyndatöku fyrr á tímum. Hún sinnir jafnframt rannsóknum í tengslum við sýningar safnsins og skráningu nýrra aðfanga.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2022

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Beitningaskúrnum við Óðinshús og í Sjóminjasafninu að Túngötu 59. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru lánaðir á 17 staði á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins. Aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga er sýnileg í ytri gátt Sarps og því einnig liður í miðlun safnsins. Ákveðnu rými í safnhúsunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Viðburðir urðu 38 talsins á árinu sem er algjört met, ýmist sýningaropnanir, tónleikar, upplestrar, fyrirlestrar og listgjörningar.

Ratleikur. Ratleikur sem gefinn var út árið 2019 var afhentur skólahópum og yngri safngestum allt árið. Leikurinn fer með gesti um öll safnhúsin á Eyrarbakka sem eru Húsið, Eggjaskúr, Kirkjubær og Sjóminjasafn.

Páskasýningin í Húsinu á Eyrarbakka þetta árið bar heitið **Með mold á hnjónum** og var samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga. Sýningaropnun var laugardaginn 9. apríl þegar safnið opnaði dyr sínar fyrir gestum.

Á sýningunni **Með mold á hnjónum** var stiklað á stóru yfir sögu og þróun garðyrkju í Árnessýslu. Garðyrkja hefur stuðlað að uppbyggingu þéttbýlis og haft mikil áhrif á byggðaðþróun í sýslunni. Rakin var þróun ræktunar frá heimagörðum torfbæja upp í umfangsmikla atvinnugrein sem skapar fjölda manns atvinnu með hugvitsamlegri nýtingu náttúruauðlinda víða í sýslunni. Sýning er unnin upp úr safnkosti héraðsskjalasafnsins ásamt öðrum heimildum um garðyrkju í Árnessýslu.

Húsið á Eyrarbakka var með opið um og yfir páska frá 9. apríl fram yfir hátíðina Vor í Árborg sem lauk 24. apríl. Þann 1. maí hófst svo sumaropnun byggðasafnsins og var hægt að skoða sýninguna alla daga vikunnar fram til 6. júní á almennum opnunartíma safnsins. Sýningin var styrkt af

Uppbyggingarsjóði
Suðurlands.

Hafsteinn Hafliðason

garðyrkjufraðingur var með fyrirlestur í borðstofu Hússins 29. maí í tengslum við vorsýningu safnsins og skoðaði svo garða safnsins í kjölfarið.

Fjallkonan. Laugardaginn 23. apríl var Hera Fjord sviðslistakona með sérstaka sýningu í sal Búðarstígs 22 fyrir eldri borgara í Árborg. Var sýningin vel sótt.



Vor í Árborg. Opið var í safninu á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Leikurinn „Gaman saman“ á vegum Árborgar var með stoppistöð hjá safninu og allir gestir gátu fengið stimpil í vegabréfið sitt við heimsókn í safnið.

Einnig bauð safnið uppá opna blómasmiðju í gamla fjárhúsinu á safnasvæðinu. Þar var tilvalið að setjast niður og sá fyrir sumarblómum í potta og krúsir. Gestir völdu hvort þeir vildu taka pottinn með sér heim eða skilja eftir. Í skemmuni í litla alþýðuhúsinu Kirkjubæ var hægt að eiga gæðastund og lita og leika.

Íslenski safnadagurinn. Íslenski safnadagurinn sem jafnframt er alþjóðlegi safnadagurinn er 18. maí ár hvert. Söfn minntu á sig með rafrænum hætti og vöktu athygli á þróttmiklu innra starfi. Kynningarkvöld Listahátíðarinnar Hafsjós var á safnadaginn.

Listahátíðin Hafsjór. Stærsta verkefni ársins var Listahátíðin Hafsjór/Oceanus. Sumarsýning Byggðasafn Árnesinga var með óhefðbundnu sniði á árinu þar sem listamenn frá tíu löndum komu saman og umbreyttu algjörlega sýningarrýmum safnsins með sköpun sinni á listahátíðinni Hafsjór – Oceanus. Listahátíðin stóð frá 15. maí til 15. júní og var samstarfsverkefni safnsins og Ástu



Vilhelmínu Guðmundsdóttur listamanns sem er jafnframt sýningarstjóri hátíðarinnar. Sýningar stóðu allt sumarið fram á haust. Listafólkið kom frá Japan, Suður-Kóreu, Mauritius, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Nepal, Brasilíu, Póllandi, Indlandi, Litháen og Íslandi og blésu lífi í allt samfélagið. Þau unnu verk sín á staðnum í alls kyns skemmum og skúrum og sóttu innblástur bæði úr nærsamfélaginu og úr safninu sjálfu. Saga og menning Eyrarbakka og nágrenni fékk nýja túlkun í meðförum erlendra listamanna.



Opnunarhátíð var helgina 10.-12. júní en opnar vinnustofur, listasmiðjur og fyrirlestrar voru einnig hluti af hluti af hátíðinni og liður í að tengja saman gesti og listamenn. Leitast var við að draga sem flesta til samstarfs. Listamaðurinn og textílhönnuðurinn Ásta V. Guðmundsdóttir var forgangsmaður listahátíðarinnar. Hún lærði í Þýskalandi og vann mörg ár sem hönnuður áður en hún sneri sér alfarið að listsköpun. Hún hefur haldið nokkrar

einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, listahátíðum og vinnustofum víðsvegar bæði á Íslandi og erlendis. Nú er Ásta búsett í Skúmstaðarhverfinu á Eyrarbakka þar sem hún er með vinnustofu. Listamenn sem voru boðaðir á Hafsjó hafa líkt og Ásta lagt áherslu á að vinna mikið með hrá og náttúrleg efni í sínum verkum og innsetningum.

Góð aðsókn var að Hafsjó, þ.e. öllum viðburðum og opnum vinnustofum og fjölmenni var á listahátíðinni sjálfri helgina 11.-12. júní. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands kom á hátíðina og átti við alla listamennina gott spjall. Fjölmargir viðburðir þá helgina en einnig sótti mikill fjöldi gjörninginn Hafgolu í gömlu kartöflugeymslunni á Eyrarbakka.



Maruska Marulyn Ronchi frá Ítalíu flytur Botha-dans á Hafsjó.

Mikil umsýsla var um listahátíðina. Salur Búðarstígs 22 kom í góðar þarfir og þar voru vinnustofur og mataraðstaða listamannanna í fjórar vikur í maí og júní. Safnið útbjó sýningarskrá um listaverk Hafsjós og listaverkin settu stóran svip á sýningar safnanna þetta sumarið. Listahátíðin Hafsjór fékk veglegan styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurlands. Verkefnið var vel kynnt og var veggspjöldum dreift á fjölfarna staði um allt héraðið.

Verkefnastjóri af hálfu Bygðasafns Árnesinga var Linda Ásdísardóttir.

Eftirtaldir viðburðir voru á vegum Hafsjós:

Kynningarkvöld 18. maí í Húsinu. Ásta Guðmundsdóttir kynnti listahátíðina og listamennina.

Skólahópar frá BES komu í Búðarstíg 22 og fylgdust með listamönnum við listsköpun sína 19. maí.

Opnar vinnustofur voru laugardaginn 28. maí og voru fjölsóttar, bæði í Búðarstíg 22 og Bakarisstíg 5B.

Syngjandi kaffikvörn, þrykk og hljóðlistaverk nefndist dagskrá sem haldin var 3. júní. Anil Subba hljóðlistamaður frá Nepal ásamt Im Tae Woong frá Suður Kóreu sýndu hvernig þeir draga

hljóð úr ólíkum hlutum. Kaffikvörn spilaði stórt hlutverk í tónverki Subba. Gestir fengu líka að þrykkja með bleki á tau undir leiðsögn Sung Baeg frá Suður Kóreu. Pólverjinn Piotr Zamojski óskaði eftir aðstoð frá gestum. Hann var inni í Eggjaskúr og tók upp raddir fólks sem sagði orðið HAFSJÓR sem varð hluti af hljóðlistaverki hans.

Dans- og hljóðgjörningurinn **Hafgola** var haldinn sunnudaginn 5. júní kl. 18. Þetta var einstakur viðburður á vegum Hafsjós, dans- og hljóðgjörningur um vindinn og hafið flutt í gömlu kartöflugeymslunni hans Guðmundar Sæmundssonar á Sandi. Þar umbreyttu listamennirnir gömlu skemmunni í danssvið. Dansinn ásamt tónlist var spunnin úr upplifun listamannanna af náttúrunni við strendur Suðurlands. Hópurinn sem þar kom fram voru Gio Ju, Jaime Martínez, Samantha Claire Zaccarie, Hera Fjord og Maruska Marulyn Ronchi, ásamt hljóðlistamönnunum Anil Subba og Im Tae Woong. Fullt var út úr dyrum kartöfluskemmunnar og gjörningurinn ógleymanlegur viðstöddum.

Dagskrá opunarhátíðar Hafsjós 11.-12. júní:

11. júní

13.00 Opnun með viðhöfn og leiðsögn um sýningarsvæðið. Listamenn sem komu fram voru Im Tae Woong, Gio Ju, Jaime Martínez og Samantha Claire Zaccarie. Lýður Pálsson safnstjóri og Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir sýningarstjóri ávörpuðu.

14.00 Tóngjörningur í fjárhúsinu með Anil Subba Sound.



Anil Subba frá Nepal flytur tónlistargjörning með ýmsum hljóðfærum og kaffikvörn í stásstofu Hússins 3. júní.

14.00 “VESPERO” dansgjörningur um þrönga ganga Hússins - Maruska Marulyn Ronchi.

15.00 “Who we are?”. Dáleiðandi gjörningur með Udeya Vir Singh við höggmyndir hans.

15.30 Söngur og dans með Im Tae Woong og Gio Ju við gamla fjósið.

16.00 Gjörningur með Sung Baeg, Anil Subba, Gio Ju and Jaime Martínez í dökku stóru skemmunni á horni Túngötu og Bakarisstígs.

13.00 – 16.00 Stöðugar leiðsagnir, töfrandi dans og tónar.

12. júní

12.00 Örgjörningur með Jaeyun Baesia Heo Jeong, Sung Baeg og Ástu Guðmundsdóttur á horni Búðarstígs og Hafnarbrúar.

12.30 “Dansað við hafið” – listamennirnir Maruska Marulyn Ronchi og Anil Subba sameinuðu kraftana sína í fjörunni.

13.30 “My Memory in Iceland 052022 / Nature + Humans” – Sung Baeg framdi gjörning við listaverk sitt á baklóð varðveisluhússins að Búðarstíg 22.

14.00 – 15.00 Töfrandi hreyfingar í safninu; gestir voru boðnir velkomnir í för með listamönnunum Gio Ju, Im Tae Woong, Heru Fjord og Maruska Marulyn Ronchi

14.30 “Who we are?” Dáleiðandi gjörningur með Udeya Vir Singh við höggmyndir hans.

15.30 – 16.30 Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heimsótti hátíðina.

16.00 “Sisyfos, story of a fisherman” - dansgjörningur Jaime Martínez með Gio Ju.

14.00 -16.00 Stöðugar leiðsagnir, töfrandi dans og tónar.

Leiðsögn um Hafsjó var sunnudagana 21. og 28. ágúst og leiddi Ásta V. Guðmundsdóttir gesti um listsýninguna sem teygði sig um alla kima safnasvæðisins á Eyrarbakka.



Lok Hafsjós: Teboð með hænum og listasmiðja. Safnið kvaddi hina viðamiklu listasýningu Hafsjó – Oceanus I. og 2. október með örlitlum töfrum. Gestum var boðið í kúmenkaffi inni í borðstofu Hússins í samveru með listaverki Hafdísar Brands „Teboð“ og kóresk listasmiðja var opin fyrir gesti. Listamaðurinn Sung Baeg frá Suður

Kóreu kenndi á listahátíðinni að þrykkja með bleki á tau og fetuðu gestir í fótspor hans.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 21. júní. Safnið var fjölsótt þennan dag og samsöngur var haldinn í stásstofunni í Húsinu sem fallið hafði niður síðustu tvö árin. Byggðasafn Árnesinga bauð upp á Sirkus Íslands í garðinum við góðar undirtektir ungra sem aldinna og Malín Viðarson í Laugardælum kom með hest og hestakerru og bauð upp á ferðir um þorpið. Gamli slökkvibíllinn og Ferguson-traktor Ólafs heitins í Mundakoti voru á rúntinum.



100 rampurinn settur upp við Sjóminjasafnið.

Fjölmenni mætti þegar eitthundraðasti rampurinn á landsbyggðinni var vígður við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka þriðjudaginn 9. ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri stýrði vígsluhátíðinni en ávörp fluttu Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra og Fjóra Steindóra Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar. Leikskólabörn frá Strandheimum á Eyrarbakka sungu fyrir gesti og Aron Freyr Jónsson klippti á borða. Viðstaddur var Haraldur Þorleifsson stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno og forgöngumaður verkefnisins. Léttar veitingar voru í boði í Sjóminjasafninu. Verkefnið, „Römpum upp Ísland“ hófst formlega með vígslu á fyrsta rampinum þann 23. maí 2022 í Hveragerði. Tilgangur verkefnisins „Römpum upp Ísland“ er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, stofnunum, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Við þetta tækifæri skrifuðu Haraldur og Sigurður Ingi undir samning um stuðning Ríkissjóðs við verkefnið.

Menningarmánuðurinn í október. Opið var alla sunnudaga í október. Þann 9. október var ratleikur safnsins kynntur sérstaklega, þann 16. október var skólasmiðja opnuð í borðtofu Hússins, þar sem Gagn og gaman, glamrandi ritvél, suðandi myndvarpar og gömul landakort voru meðal gersema. Skólafjör fyrir unga og gamla. Skólasmiðjan var einnig opin 23. og 30. október.

Íslensk sönglög í tónaflæði. Þann 16. október hélt Sólrún Bragadóttir tónleika í stásstofu Hússins. Hún söng íslenskar melódíur í spunaflæði án orða og söng gangandi á milli fólks.

Listasmiðja. Hin sívinsæla listasmiðja Davíðs Art fyrir börn og unglinga hefur verið fastur viðburður í Menningarmánuðinum október. Sunnudaginn 16. október kom hann í Kirkjubæ og hjálpaði gestum að galdra fram spennandi listaverk.

Opið hús var að Búðarstíg 22 þann 23. október og var sótt af 400 manns. Í tilefni 170 ára afmælis Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri var fuglaskáp Peters Nielsen faktors stillt upp í aðalsal og

kynntur sérstaklega. Skápurinn hósti náttúrugripi Nielsens sem hann gaf skólanum árið 1924 og var skápurinn og innihald hans nýtt til náttúrukennslu áratugum saman en skápurinn var falinn Byggðasafni Árnesinga til varðveislu árið 2017.

Skrímslasögur. Sunnudaginn 30. október var skemmtilegur viðburður í Beitningaskúrnum. Skrímslasögur fyrir börn voru lesnar í dularfullu andrúmi skammdegis. Kakó var í boði fyrir kalda gesti.

Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga. Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga byrjar ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stásstofu Hússins. Á jólasýningunni skörtuðu gömlu jólatrén sínu fegursta í borðstofu og í stásstofu mátti hlýða á rithöfunda lesa úr nýjum verkum sínum. Eftirlíking elsta jólatrés Íslands var skreytt lyngi og sáu nemendur 10. bekkjar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um það. Sýningin var opin á auglýstum tímum þrjár helgar í desember og fyrir hópa á öðrum tímum fram á þrettánda. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti dagskrána. Á sama tíma og safnið var opið á aðventunni var jólatorg á planinu fyrir vestan Húsið, opið í Rauða-Húsinu og Laugabúð og varð mikil aðsókn að þessu sinni. Sveitarfélagið Árborg setti niður á torgið við Húsið fimm smáhýsi þar sem ýmsir gátu selt vörur á aðventunni. Einnig voru tónlistaratriði. Féll það vel að jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.

Samstarf við Flóaskóla. Ómissandi hluti af upptakti jólaanna á Byggðasafni Árnesinga er samtarf safnsins og skóla í nærsamfélaginu. Í ár var unnið með nemendum 1.-4. bekkjar í Flóaskóla og er óhætt að segja að samstarfið hafi verið gjöfult. Ragnhildur, safnvörður, heimsótti hópana í nóvember og afhenti þeim þjár eftirgerðir af jólatré frá Miðengi úr safneign. Við það tilefni var spjallað um jólnið fyrir og nú, og hvað einkenndi hátíðina. Það stóð ekki á svörum áhugasamra nemenda og var stundin notaleg, fróðleg og skemmtileg.

Krakkarnir fengu síðan frjálssar hendur og sem betur fer, þau fengu frábærar hugmyndir og höfðu ýmis góð gildi að leiðarljósi eins og endurnýtingu og hringrás hluta. Flóaskóli er Grænánaskóli og lögðu nemendur mikið upp úr því að búa til skraut úr náttúrulegum efnivið, líkt og gert var í eina tíð. Kennararnir Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, Íris Grétarsdóttir og Unnur Bjarkadóttir stýrðu verkefninu og urðu trén uppspretta ýmissa vangaveltna um ótal



margt sem tengist jólum og jólahaldi. Eitt tré var skreytt með jólakúlum sem geymdu samsett jólaorð og minnir hver kúla í raun á gömlu myndadagatölin, þar var efniviðurinn gömul jólakort. Annað tré var skreytt með efnivið sem nemendur höfðu safnað í skógarferð. Það þriðja var síðan helgað eplum og appelsínunum á afar snjallan hátt.

Trén voru síðan sett upp á jólasýningu safnsins og nutu sín vel innan um gömlu jólatrén. Byggðasafn Árnesinga á úrval jólatrjáa, þar á meðal elsta varðveitta spýtujólatré landsins og aðra sannkallaða gullmola.



Eyjólfur Eyjólfsson spilar á langspil 11. desember.

Verkefnið „Jólatré í skólastofu“ er nú unnið í þriðja sinn en áður hefur safnið fengið til samstarfs við sig nemendur úr Vallaskóla og Menntaskólanum að Laugarvatni með stórskemmtilegum afrakstri. Það verður spennandi að sjá hvert trén fara að ári!

Skáldastund í stásstofu. Árlega er boðið upp á samverustund með rithöfundum og skáldum þar sem lesið er það nýjasta sem út kemur. Skáldastundin var 29. nóvember þetta árið. Þarna fengu gestir brot af ólíkum ritsmíðum eftir fjölbreyttan hóp. Það var enginn bókaunnandi svikinn af skáldastund í Húsinu. Þau sem lásu upp úr nýjum bókum sínum voru Þór Stefánsson, Kristín Eiríksdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Einar Kárasen og Elísabet Jökulsdóttir.

Barnaskáldastund. Gunnar Helgason leikari og rithöfundur og Bergrún Íris Sævarsdóttir rithöfundur stýrðu barnabókastund í bláu stofunni 3. desember. Fjöldi barna hlýddu á höfundana.

Bakkadrottningin. Laugardaginn 10. desember, las Kristín Bragadóttir upp úr verki sínu Bakkadrottningin Eugénía Nielsen. Verkið hverfist um Eugéníu sem var driffjöður í framfara og menningarlífi á Eyrarbakka í sinni tíð.

Jólalegir langspilstónar. Sunnudaginn 11. desember flutti Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari jólalög og fyllti stásstofu Hússins af þjóðlegum jólatöfrum.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga fer með yfirstjórn safnsins. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Í Sjóminjasafninu eru munir frá Eyrarbakka með áherslu á sjósókn, iðnað og félags- og menningarsögu síðustu 100 ára. Stærsti og merkasti safngripurinn er áraskipið Farsæll, sem Steinn Guðmundsson skipasmiður á Eyrarbakka smíðaði fyrir Pál Grímsson, útvegsbónda í Nesi í Selvogi. Steinn var helsti skipasmiður á Suðurlandi í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar og smíðaði hann yfir 400 skip og báta á sínum starfsferli. Farsæll er tólfróinn teinæringur með sérstöku lagi, sem Steinn innleiddi á báta sína og kennt hefur verið við hann og nefnt Steinslag. Það bátalag tók mið af aðstæðum í brimversstöðvunum á Suðurlandi, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Selvogi, og þótti henta mjög vel þar.

Einnig eru sýnd veiðarfæri og búnaður sjómanna bæði frá árabátatímanum og upphafi vélbátaútgerðar. Upphaf handiðnaðar í þéttbýli á Suðurlandi var á Eyrarbakka og sýndir eru munir frá bakara, gullsmið, úrsmið, beyki og söðlasmið. Sjóminjasafnið á gott ljósmyndasafn sem varðveitt er að Búðarstíg 22.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Á vegum SÍS er unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár sem er nær tilbúin og eru sex bátar frá Sjóminjasafninu listaðir upp. Safnstjóri sat aðalfund SÍS á Hallormsstað í október.



Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Ljós. Ólafur Hannesson.

Eins og áður hefur verið sagt frá þá var nýr inngöngurampur settur við dyr Sjóminjasafnsins þann 9. ágúst og auðveldar hann gestum í hjólastólum að komast inn á safnið.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og

sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útfluttur bátur á vesturhlíð hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Gamla slökkvibílnum, sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp

fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Hann er varðveittur í grófmunasal Búðarstígs 22 og fór á rúntinn á Jónsmessu.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar.

Kirkjubær



Kirkjubær sumarið 2022. Ljós. Ólafur Hannesson.

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var gerður upp og opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Um uppbyggingu í Kirkjubæ var fjallað í ársskýrslum 2011 til 2017.

Rjómabúið á Baugstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Freyja Katra Erlingsdóttir sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri sinnir húsvarðarstörfum þar til annar fæst í það mikilvæga starf. Lýður tók einnig á móti hópum.

Auglýst var í Ríkisútvarpinu opunarhelgar í júlí og ágúst.

Litalausnir undir stjórn Þorkels Inga Þorkelssonar málameistara máluðu Rjómabúið á Baugstöðum að utan, veggi, hurðar, glugga, þakkanta og þak. Verkið var unnið á góðviðrisdögum í byrjun september. Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði til verksins. Einnig fékkst viðgerðastyrkur frá Auðhumlu slf.



Styrkur var veittur af Safnaráði árið 2021 til endurbóta á sýningaspjöldum. Lýður Pálsson lagði drög að stóru sýningarspjaldi með upplýsingum og ljósmyndum um rjómabúið. Sylvía Kristjánsdóttir hannaði og Fagform prentaði út.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Stjórnin fundar sjaldan en framkvæmdastjórn er í höndum Lýðs safnstjóra.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2022 voru 281 talsins. Gestir ársins 2021 urðu 211 talsins. Gestir Covid-ársins 2020 voru aðeins 81. Gestir ársins 2019 voru 250 talsins. Gestir ársins 2018 voru 475 alls, mest Íslendingar. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið

2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009 sem var síðasta árið sem Draugaferðir Þórs heitins Vigfússonar komu við.

Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga.

Að beiðni Sveitarfélagsins Árborgar er Knarrarósviti opnaður gestum í upphafi vaktar og lokað í lok vaktar í júlí og ágúst.

Efling fræðslustarfs

Unnið hefur verið að fræðslustarfi í safninu frá upphafi. En árið 2020 var tekin ákvörðun um eflingu fræðslustarfsins. Sótt var um styrk til Safnaráðs. Styrkir hafa fengist og hefur fjöldi skólahópa aukist og safnið veitt betri leiðsögn. Safnfræðsla er einn af hornsteinum safnastarfs og tengsl safna og skóla verða sífellt meiri og margslungnari. Nám fer ekki aðeins fram innan fjögurra veggja skólastofunnar. Kennarar í dag leita ýmissa leiða til að glæða nám nemenda sinna og bæta nýjum víddum við nálganir og kennsluaðferðir. Þá verða söfnin að hafa upp á eitthvað að bjóða. Nauðsynlegt er að eiga í sjóði metnaðarfull, vel ígrunduð og fræðandi verkefni sem eiga við námsefni þeirra hópa sem væntanlegir eru. Nú þegar hefur Byggðasafn Árnesinga komið sér upp dagskrá sem sniðin er að 4. bekk grunnskólanna. Þar hefur verið unnið markvisst í samstarfi við kennara á vettvangi og fræðsludagskráin mótuð í samvinnu við þá. Úr varð marglaga fræðsla sem hverfist um íslenska þjóðhætti áður fyrr. Unnar hafa verið skóladagskrár fyrir mörg skólastig eins og Lubba-verkefni fyrir leikskólann og viðamikil dagskrá fyrir trésmíðanema þar sem áherslupunkturinn er viðgerðir gamalla húsa.

Byggðasafn Árnesinga er orðinn öflugur bandamaður skóla á öllum skólastigum í sýslunni og raunhæfur valkostur í hvers kyns fræðsluverkefnum. Mennt er máttur og safnið vill virkja skólasamfélagið á skapandi hátt þar sem samtalið er frjótt í báðar áttir og hægt að ná fram ýmsum flóknum langtímamarkmiðum líkt og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna svo dæmi sé tekið. Unnið markvisst að sama markmiði, safn og skóli!

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður leiðir starf Byggðasafns Árnesinga við eflingu fræðslustarfsemi Byggðasafns Árnesinga. Með henni hafa starfað aðrir fastir starfsmenn safnsins, auk tilfallandi sérfræðinga. Afrakstur þessa starfs sést í auknum fjölda skólaheimsókna.

Safnaráð

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem móta starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Samkvæmt lögunum geta viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknarskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi sýningahalds. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Safnaráð hefur eftirlit með starfsemi safna og meðal annars aðbúnaði gripa á sýningum og í varðveisluaðstöðu. Byggðasafn Árnesinga gekk í gegnum slíkt eftirlitsferli Safnaráðs haustið 2016. Eftirfylgni með skýrslu 2017 var svo gerð með heimsókn forvarðar Safnaráðs árið 2021 og svo aftur 2022.

Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunastyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.

Styrkir Safnaráðs til Byggðasafns Árnesinga urðu 2,85 milljónir króna í aðalúthlutun ársins 2022 sem varið var til ýmissa faglegra verkefna. Í lok ársins veitti Safnaráð safninu tvo 300 þúsund króna styrki til ferðalaga og vistaskipta. Safnaráð kom í heimsókn í Búðarstíg 22 í nóvember og skoðaði aðstöðuna auk þess að fá fræðslu um alla starfsemi Byggðasafns Árnesinga.

Samstarf

Vesturbúðarfélagið á Eyrarbakka vinnur að rannsóknum sem tengjast Vesturbúðinni sem var verslunarhús Eyrarbakka frá 18. öld til 1925. Vesturbúðin var rifin af síðasta eiganda þess Kaupfélags Árnesinga árið 1950 og viðirnin fluttir til Þorlákshafnar þar sem reist voru salthús sem brunnu 1988. Tilgangur Vesturbúðarfélagsins er að stuðla að endurbyggingu Vesturbúðarinnar á sínum forna stað á Eyrarbakka. Liður í því ferli eru fornleifarannsóknir. Ragnheiður Gló Gylfadóttir fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands stýrði uppgreftri sumarið 2021 og voru grafnir upp sökklar kornhússins Fönix. Áfram var haldið með gröft á grunni Fönix vorið 2022. Fornleifafræðingar fengu aðstöðu í Búðarstíg 22.



Fornleifafræðingar á Vesturbúðarhól í maí 2022. Frá vinstri eru Ágústa Edwald, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Kristjana Vilhjálmisdóttir, Agla Geirlaug Aradóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir. Upplýsingar um ljósmyndara vantar.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samskiptin urðu helst vegna nýrrar varðveisluaðstöðu að Búðarstíg 22. Einnig vegna reksturs Hússins á Eyrarbakka og fyrirhugaðra kaupa Þjóðminjasafnsins á húsinu Eyri, merku almúgahúsi á Eyrarbakka. Líklegt er að Byggðasafni Árnesinga verði falinn daglegur rekstur Eyrar þegar viðgerðum og aðlögun að safnahlutverki líkur. Fyrirhuguð safnastarfsemi í Eyri er ómótuð.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornleifar eða örnefni.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands, einkum húsafriðunardeild.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Starfsemin liggur niðri eins og er vegna mikilla anna þeirra sem sitja í stjórn samtakanna. Fjárhagur Samtaka safna á Suðurlandi er í blóma.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga. Sat hann tvo fundi á árinu.

Lýður Pálsson er varamaður í Minjaráði Suðurlands.

Ragnhildur Elísabet, Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna. Byggðasafn Árnesinga er með stofnana-aðild að FÍSOS.



Búðarstígur 22.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Starfsmenn sátu ýmsa fundi á árinu sem tengdust safnastarfinu.

Safnaráð, Íslandsdeild ICOM og FÍSOS héldu málþing í Safnahúsinu Hverfisgötu 9. maí sem nefndist „Við tölum ekki um geymslur heldur varðveisluhúsnæði!“ Lýður Pálsson var með innlegg á málþinginu um uppbyggingu Búðarstígs 22 fyrir starfsemi Byggðasafns Árnesinga.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn á Hallormsstað 21.-23. september og sóttu Lýður, Linda og Ragnhildur Elísabet skólann sem tókst með miklum ágætum. Yfirskriftin var „Söfn á tímamótum“.

Boðið var upp á áhugaverða fyrirlestra, spennandi málstofur, skemmtilegar skoðunarferðir, fjörugar skemmtanir og síðast en ekki síst stórkostlega árshátíð.

Kynningar- og markaðsmál - www.byggdasafn.is

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Bælingur safnsins er kominn til ára sinna og á margan hátt úreltur. Lögð hafa verið fram drög að nýjum kynningarbæklingi fyrir söfnin sem verður að veruleika á árinu 2023. Bjarki Guðmundsson ljósmyndari og Sýlvía Kristjánsdóttir starfa með safninu að gerð bæklingsins.

Veggspjaldi um Listahátíðina Hafsjó var dreift um alla sýsluna í lok maí.

Síðunni www.byggdasafn.is er haldið lifandi með uppfærslu fréttanna af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Hafin var vinna við nýja heimasíðu sem mun líta dagsins ljós árið 2023. Gyða Dögg Heiðarsdóttir sér um gerð nýrrar síðu.

Sýlvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“. Síðan er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Fjölbreyttu safnatengdu efni er varpað út á síðuna.

Instagram-síða safnsins er mötuð með margvíslegum fróðleik og sér Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður um það.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.

Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnstjóri er í

Söfnin á Eyrarbakka



Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar.

Sjóminjasafnið hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í **Eggjaskúr**. Í litla alþýðuhúsinu **Kirkjubæ** er sýning um byltingartíma- na þegar rafljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.



Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.



Opið alla daga í sumar frá kl. 11–18.
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is
www.byggdasafn.is



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

reglulegu sambandi við starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands um margvíslegar leiðir til að koma safninu á framfæri.


Ótalin er sú kynning sem felst í ókeypis umfjöllun í fjölmiðlum. Umfjallanir um ýmsa þætti safnastarfsins var á árinu 2022 að finna í Dagskránni á Selfossi, sunnlenska.is, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og tvívegis á Rás 1. Ópið hús í Búðarstíg 22 fékk umfjöllun í hádegisfréttum RUV 23. október. Á árinu var útvarpað viðtali Gígju Hólmgeirsdóttur hjá Rás 1 við Lýð Pálsson um Rjórabúið á Baugsstöðum. Listahátíðin Hafsjór fékk góða umfjöllun í flestum fjölmiðlum landsins.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Íbúafjöldi samkvæmt Hagstofu Íslands var 20.076 í árslok 2022 en 19.346 árið 2021. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnana og starfsnefnda á héraðsvísu. Formaður Héraðsnefndar Árnesinga til 30. júní var Eypór H. Ólafsson í Hveragerði en þá tók Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar við.

Íbúafjöldi í Árnessýslu 2022

Sveitarfélagið Árborg	10.834
Hveragerði	2.984
Svf. Ölfus	2.481
Bláskógabyggð	1.164
Hrunamannahreppur	818
Flóahreppur	694
Skeiða- og Gnúpvr.hr.	576
Grímsn. og Grafn.hr.	525
	20.076



Héraðsnefnd Árnesinga kýs stjórn til tveggja ára í senn. Í stjórn frá júlí 2018 til 30. júní 2022 sátu Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps, stjórnarformaður, Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi í Árborg, varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Hveragerði ritari. Í varastjórn voru Smári Bergmann Kolbeinsson, Steinar Lúðvíksson í Þorlákshöfn og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir. Í ársbyrjun sagði Eggert Valur af sér stjórnarmennsku vegna brottflutnings úr héraðinu en Klara Öfjörð sat tvo fundi fram á vor.

Ný stjórn var skipuð eftir sveitarstjórnarkosningar á aukahéraðsnefndarfundi 30. júní og er Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði, stjórnarformaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Árborg, varaformaður og Árni Eiríksson, Flóahreppi, ritari. Varastjórn skipa Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði, Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveinn Ægir Birgisson, Árborg. Stjórnarfundir nýrrar stjórnar urðu þrír.

Stjórnarfundir ársins urðu því fimm talsins. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árnesinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.



Héraðsnefnd Árnesinga fundaði í sal Búðarstígs 22 þann 9. maí 2022. Þetta var síðasti fundur nefndarinnar á kjörtímabilinu en ný héraðsnefnd kom saman um sumarið að loknum sveitarstjórnarkosningum og skipaði í nefndir og stjórnir safnanna. Á þessum síðasta fundi nefndarinnar var ljósmyndataka. Ákveðið var að stilla nefndinni upp í aðal varðveislusal Byggðasafns Árnesinga. Þetta er nefndin sem ákvað að taka rösklega á húsnæðismálum Byggðasafns Árnesinga.

Sitjandi frá vinstri Gestur Þór Kristjánsson, Gunnar Egilsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Eypór H. Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson og Óttar Bragi Þráinsson. Standandi frá vinstri Ingibjörg Garðarsdóttir, Árni Eiríksson, Rósa Sif Jónsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Ari Björn Thorarensen, Jón Bjarnason, Helgi Sigurður Haraldsson, Brynhildur Jónsdóttir, Njörður Sigurðsson, Helgi Kjartansson, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Tómas Ellert Tómasson og Smári Bergmann Kolbeinsson.

Um rekstur og fjárhag safnsins 2022

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	Fjárhags- áætlun 2022	2021
Rekstrartekjur				
Héraðsnefnd Árneseinga, framlag		70.400.000	70.400.000	60.400.000
Sveitarfélagið Árborg, framlag vegna Sjóminjasafns		7.250.389	7.035.000	7.035.000
Aðrar tekjur	8	14.653.334	10.500.000	11.906.736
		<u>92.303.723</u>	<u>87.935.000</u>	<u>79.341.736</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	9	46.847.765	48.300.000	39.163.937
Rekstur fasteigna	10	4.232.757	5.945.654	4.467.952
Annar rekstrarkostnaður	11	13.895.515	12.715.000	16.644.297
Afskriftir	5	8.670.062	8.406.800	8.781.272
		<u>73.646.099</u>	<u>75.367.454</u>	<u>69.057.458</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		18.657.624	12.567.546	10.284.278
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	(25.177.692)	(10.304.413)	(15.810.188)
Rekstrarniðurstaða ársins	6	<u>(6.520.068)</u>	<u>2.263.133</u>	<u>(5.525.910)</u>

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 26,1 milljónum króna í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og skuldir eru alls 263 milljónir króna.

Bygðasafn Árneseinga er með lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 milljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum. Í apríl árið 2019 var tekið 100 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að kaupa Búðarstíg 22 og fara í fyrstu framkvæmdir. Í febrúar og október 2020 voru tekin tvö 60 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til framkvæmda við Búðarstíg 22. Í árslok 2022 var skuld safnsins við Lánasjóð sveitarfélaga 209 milljónir króna.

Eyrbakka 22. mars 2023


Lýður Pálsson, safnstjóri.